

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, ásamt meðdómendum Agnari Norland skipaverkfræðingi og Gunnari Guðmundssyni yfirlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði stefnanda, Guðrúnu Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar og vegna sjálftrar sín persónulega og f. h. ófjárráða barna, Ingibjargar og Ásdísar, og lögráða sonar, Guðjóns, kr. 1.144.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 215.000.00 frá 30. marz 1960 til 21. júlí 1960, en af kr. 1.144.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 150.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 106/1968. **Örn Bjartmars Pétursson**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn

Margréti Guðmundsdóttur og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnulaun. Uppsögn úr starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1968 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. júní 1968 og krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 28.890.00 með 7% ársvöxtum frá 2. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Örn Bjartmars Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Margréti Guðmundsdóttur, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. marz 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. marz 1968, hefur stefnandi, Margrét Guðmundsdóttir, Engihlíð 10, Reykjavík, höfðað hér fyrir dómnum með stefnu, útgefinni 11. marz 1967, á hendur Erni Bjartmars Péturssyni tannlækni, Stigahlíð 44, Reykjavík, til greiðslu vangoldinna launa að fjárhæð kr. 28.890.00 auk 7% ársvaxta frá 2. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst algerrar sýknu og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi hóf starf sitt sem klinikdama hjá stefnda í september 1964, og voru allir samningar um kaup hennar og kjör munnlegir og ekkert um uppsagnarfrest rætt. Stefnandi fékk í kaup 9.000.00 kr. á mánuði og fékk sumarleyfi, svo sem lög gera ráð fyrir. Um sumarið 1966 bauðst henni far með skemmtiferðaskipinu Baltika, og skyldi sú ferð hefjast 27. september. Þegar hún skýrði stefnda frá þessu, lét hann svo um mælt, að erfitt yrði fyrir hann að fá stúlku í hennar stað í fimm til sex vikur, sem ferðin mundi taka, og hugleiddu þá báðir málsaðiljar, að stefnandi hætti störfum hjá stefnda, þegar hún færi í Baltikaferðina. Á uppsögn reyndi ekki að sögn stefnanda, því að nokkru áður en hún fór í ferðina, bauðst vön stúlka til þess að vinna hjá stefnda þær fimm til sex vikur, sem ferðin mundi standa.

Þegar stefnandi kom heim úr ferðinni þann 1. nóvember 1966, hringdi hún tafarlaust til stefnda og tilkynnti komu sína. Hann

skýrði henni þá svo frá, að sér líkaði vel við staðgengil hennar og ekki væri óskað eftir, að hún kæmi aftur til starfa.

Báðir málsaðiljar hafa komið fyrir dóm og skýrt þar mála-vexti og viðhorf sín til málsins, og þykir rétt að rekja nokkuð framburði þeirra.

Stefnandi skýrir svo frá, að hún hafi, strax er henni bauðst far með Baltika, skýrt stefnda frá því. Hann kvaðst skilja vel, að hún vildi ekki láta það happ úr hendi sleppa. Stefnandi kveðst þó ekki hafa tekið ákvörðun um ferðalagið, fyrr en eftir að hún kom úr sumarleyfi. Sagði stefndi henni þá, að hann mundi ef til vill eiga í erfiðleikum með að fá stúlku í hennar stað svo stuttan tíma. Stefnandi kveðst vel hafa gert sér grein fyrir því og bjóst jafnvel við að þurfa að fá aðra vinnu, áður en hún færi, sem hún gæti gengið að strax, er hún kæmi úr ferðalaginu.

Úr þessu varð þó ekki, vegna þess að nokkru áður en hún fór, gaf stúlka sig fram, sem bauðst til að vinna hjá stefnda þær fimm vikur, sem hún yrði í burtu, og kveðst stefnandi ekki hafa vitað annað en að hún yrði aðeins ráðin þann tíma. Stefnandi kveðst hafa sett stúlkuna inn í starfið, sem hafi verið mjög auðvelt, þar sem hún hafði áður unnið hjá tannlækni. Svo hafi verið ákveðið, að hún mætti aftur til vinnu 2. nóvember. Kvöldið eftir að hún kom heim, kveðst hún svo hafa hringt til stefnda, og sagði hann henni þá, að hann vildi ekki fá hana aftur til starfa, því að hann kynni vel við staðgengil hennar. Stefnandi segir, að sér hafi komið þetta mjög á óvart og hafi hún orðið miður sín við þessi óvæntu tíðindi. Stefnandi segir, að stúlkan hafi boðizt til að vinna á tannlæknastofu stefnda þann tíma, sem hún væri í burtu, eða fimm til sex vikur. Þegar stefnandi var fyrir dómi spurð nánar um samtöl sín og stefnda, áður en hún fór í ferðalagið, skýrir hún svo frá, að þau hafi rætt það fram og til baka, og kveðst hún hafa vel skilið það sjónarmið stefnda, að hann vildi, að hún hætti, fengi hann ekki stúlku í hennar stað þann tíma, sem ferðin stæði, og kveðst hún þá hafa verið við því búin að leita sér að annarri atvinnu. Til þess hafi þó ekki komið, þar sem stúlkan, sem gerðist staðgengill hennar, hafi komið á tannlæknastofuna og hafið þar störf, áður en hún fór í ferðina.

Varðandi það atriði, að hún skyldi hefja störf aftur 2. nóvember, þá segir stefnandi, að ákveðið hafi verið, að Baltika kæmi úr ferðinni 30. október, en 2. nóvember hafi verið ákveðinn, til þess að hún hefði eitthvað upp á að hlaupa, ef skipinu seinkaði.

Stefnandi var um það spurð, hvort hún hefði hugleitt uppsagnarfrest af sinni hálfu, þegar hún ákvað að fara í ferðina, þó svo færi, að hún yrði að hætta vinnu til þess. Hún svarar því á þá leið, að þetta hafi allt verið á svo vingjarnlegum grundvelli, að út í slíkt hafi hún ekki hugsað.

Meðan stefnandi vann hjá stefnda, kveðst hún hafa fengið nokkrar tannviðgerðir. Hún kveðst hafa boðið borgun í fyrsta skiptið, en stefndi hafi hafnað henni, enda muni tannviðgerðir vera fríar hjá starfsfólki hans og svo muni víðar vera á tannlæknastofum.

Stefndi skýrir svo frá, að stefnandi hafi verið aðstoðarstúlka hjá sér í um það bil tvö ár. Milli þeirra hafi aldrei verið gerður skriflegur samningur, heldur einungis munnlegur, og hann fól í sér samkomulag um laun, starfstíma og skyldur og þá einnig, að hún mundi fá þriggja vikna leyfi ár hvert.

Síðastliðið sumar, um það bil er kom að sumarleyfi, nefndi stefnandi það við sig, að hún mundi að öllum líkindum fara í ferðalag með Baltika þá um haustið, og gat þess þá um leið, að sér væri ljóst, að það mundi koma sér illa fyrir hann, þar sem þetta ferðalag mundi taka alltaf fimm vikur.

Stefndi kveðst hafa verið lítið hrifinn af þessu, þar sem ómögulegt hafi verið fyrir sig að vera aðstoðarstúlkulaus allan þennan tíma og þá undir hælinn lagt, hvort hann gæti fengið aðra stúlku í hennar stað. Einkum kynni að vera erfiðleikum bundið að ráða stúlku í fimm til sex vikur og hafa nokkuð verulegt gagn af henni, þar sem ávallt tæki nokkurn tíma að koma nýrri stúlku inn í þetta starf.

Hann segir, að stefnandi hafi gert sér grein fyrir þessu og sér hafi skilizt á henni, að hún mundi fara þetta ferðalag, ef sú ákvörðun yrði tekin, hvort sem honum líkaði betur eða verr. Eftir sumarleyfi sumarið 1966 kom oft fyrir, að stefnandi bað um frí frá störfum vegna bólusetningar í sambandi við fyrirhugaða ferð með Baltika. Enn fremur hafi hún nokkrum sinnum lagzt veik vegna afleiðinga af þessum bólusetningum og einu sinni verið eina viku samfelld í burtu.

Telur stefndi, að fjarvera hennar af þessum sökum hafi numið 10—12 dögum.

Þegar að því kom, að hann þurfti að fara að sjá sér fyrir stúlku vegna ferðalags stefnanda, gaf hann henni fyllilega í skyn, að starfi hennar hjá sér kynni að vera lokið. Alls væri óvíst, hvernig sér gengi að fá stúlku, og ef hann fengi stúlku, sem sér líkaði

við, mundi hann jafnvel vilja halda henni áfram. Þetta hafi sér skilizt, að stefnandi gerði sér ljóst og samþykkti.

Svo hafi þó farið, að hann hafi fengið góða stúlku í stað stefnanda, sem hafi haft ýmsa þá kosti til að bera, sem slík starfsstúlka þurfti að hafa, og af þeim sökum hafi hann tekið þá ákvörðun að halda henni áfram og láta stefnanda hætta störfum, er hún kom úr ferðalaginu. Þetta hafi hann tilkynnt henni, strax er hún hringdi á tannlæknastofu hans eftir heimkomuna.

Stefndi hefur fyrir dómi ekki viljað kannast við það, sem fram kemur í framburði stefnanda, að hún skyldi mæta til vinnu sinnar 2. nóvember. Hann kveðst ekki muna til þess, að um neinn ákveðinn dag hafi verið rætt, að hún mætti, en viðurkennir, að af sinni hálfu hafi þetta víst verið allt heldur óljóst, en allavega hefði mátt reikna með, að hún kæmi á tannlæknastofuna aftur, í það minnsta þar sem hún hefði skilið vinnuföt sín eftir.

Aðspurður segir stefndi, að það, að hann reiknaði með, að stefnandi kæmi á vinnustofuna aftur, muni hafa verið þannig, að hún mundi koma þangað til að sjá um, hvort hún ætti að hefja störf að nýju eða ekki. Í þessu sambandi bendir hann á, að stefnandi hafi hringt til hans, er hún kom heim, en það mundi hún ekki hafa þurft að gera, ef svo hefði verið ákveðið, að hún skyldi hefja störf aftur 2. nóvember.

Stefndi segir, að sér sé alls ókunnugt um, hvort nokkrar venjur séu til hjá tannlæknum um uppsagnarfrest klinikstúlkna, en aftur á móti sé mjög algengt, að tannlæknar ráði slíkar stúlkur aðeins til stutts tíma til reynslu, jafnvel aðeins hálfan mánuð, en hvort nokkrar fastar reglur gildi um uppsagnarfrest, sé sér algerlega ókunnugt um.

Um ráðningarkjör staðgengils stefnanda segir stefndi, að um það bil hálfum mánuði áður en stefnandi fór í frið, hafi hann frétt af þessari stúlku og svo hafi hún komið á tannlækningastofuna og hafi þá verið ákveðið, að hún ynni þar í þær fimm til sex vikur, sem ferðalag stefnanda stæði. Það hafi því ekki verið annað ákveðið, er stefnandi fór í ferðalagið, en að staðgengill hennar ynni hjá sér í fimm eða sex vikur. Þegar stúlkan var búin að vinna í um það bil mánuð að því er stefnda minnir, þá kom til tals milli þeirra, að hún yrði áfram, og kveðst hann hafa óskað eftir því.

Stefndi segir, að um engar fastar reglur eða venjur sé að ræða um tannviðgerðir starfsfólksins. En hann hafi fylgt þeirri reglu,

að þegar um einfaldar fyllingar sé að ræða, þá hafi hann ekkert tekið fyrir viðgerðina, en sé um dýrari viðgerðir að ræða, svo sem gullviðgerðir, þá hafi hann látið starfsfólk sitt borga efniskostnað og jafnvel stundum eitthvað upp í vinnulaun, þegar um tímafrekar aðgerðir er að ræða.

Hann segir það rétt, að stefnandi hafi aldrei séð reikning yfir viðgerðirnar, þar sem hann hafi ekki skrifað neinn reikning yfir þær, fyrr en til þessara málaferla var stofnað. Tannviðgerðir þær, sem stefnandi þáði af hans hendi, voru hins vegar skráðar á spjaldskrárkort hennar og hafi þar verið um einfaldari viðgerðir að ræða, sem kallað sé.

Stefnandi og stefndi hafa verið samprófuð. Stefnandi heldur fast við það, að ákveðið hafi verið, að hún skyldi hefja störf 2. nóvember og hún hafi aðeins hringt til stefnda í þeim tilgangi að láta hann vita, að hún væri komin heim.

Þá ítrekar stefnandi, að þar sem stúlka var ráðin í stað hennar, hafi hún litið svo á, að fyrra tal þeirra stefnanda um það, að hún kynni að þurfa að hætta störfum, væri ekki lengur í gildi. Að öðru leyti náðist ekki samræmi í framburði þeirra.

Þá hefur mætt sem vitni í málinu Þórhildur Guðmundsdóttir. Hún kveðst hafa verið ráðin til starfa á tannlæknastofu stefnda í fimm vikur. Vitnið skýrði svo frá, að þegar hún hafði unnið í mánuð á tannlæknastofunni, þá hafi birzt í Morgunblaðinu auglýsing, þar sem auglýst var eftir klinikdömu á tannlæknastofu, og kveðst hún þá hafa ætlað að sækja um þá vinnu. Í því sambandi hafi hún spurt stefnda, hvort hann vissi, hvaða tannlæknir það mundi vera, sem auglýsti, og í framhaldi af því samtali hafi stefndi beðið vitnið að vinna áfram hjá honum.

Vitnið segir, að hún hafi unnið með stefnanda í 3 daga, áður en hún fór í fríið, og af samræðum þeirra í milli hafi legið ljóst fyrir, að stefnandi ætlaði að hefja störf að nýju 2. nóvember, og kveðst vitnið því ekki hafa reiknað með vinnu hjá stefnda lengur en til þess tíma.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi ekki sagt henni upp starfi, heldur hafi hann samþykkt ferð hennar og fjarveru úr starfi, með semingi þó, og þott hann hafi gefið í skyn, að starfi stefnanda kynni að verða lokið, ef nýja stúlkan reyndist betur, þá sé slík skilyrðisbundin uppsögn eða nánast bollaleggingar um uppsögn að sjálfsögðu ekki gildandi og að engu hafandi. Eigi hún því skilyrðislaust rétt á uppsagnarfresti, svo sem lög standi til.

Spurningin sé aðeins um það, hve langan uppsagnarfrest sér beri. Klinikdömur falli ekki undir neina kjarasamninga stéttarfélagi og sé því nokkur óvissa um, hversu langan uppsagnarfrest slíkum stúlkum beri, en lágmarksuppsagnarfrestur samkvæmt lögum nr. 16/1958 sé einn mánuður fyrir verkafólk, sem er á tíma- eða vikukaupi og hefur unnið lengur en eitt ár hjá sama atvinnurekanda. Með tilliti til þess, að stefnandi var á mánaðar-kaupi og hafði starfað hjá stefnda í meira en tvö ár, og enn fremur með tilliti til hins almenna uppsagnarfrests í kjarasamningum á móta stúlkna þá telji hún einsýnt, að henni beri þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Stefndi reisir sýknukröfu sína aðallega á því, að stefnandi hafi tekið sér lengra sumarfrí en hún átti rétt á og gert það, hvort sem honum líkaði betur eða verr. Hann hafi ekki sagt stúlkunni upp, en hins vegar sé það rétt, að hann tilkynnti henni, að ef hann fengi stúlku í stað hennar, gæti svo farið, að hann mundi fastráða þá stúlku, og var stefnanda því í sjálfsvald sett, hvort hún vildi mæta til vinnu sinnar að þremur vikum liðnum, frá því sumarfrí hennar hófst, eða eiga á hættu að missa starfið. Hún hafi valið þann kostinn að fara í fimm til sex vikna ferðalag, þrátt fyrir það að hún hafði ekki fengið leyfi sitt til þess. Hann heldur því ákveðið fram, að hún hafi fullkomlega gert sér grein fyrir því, að hún kæmi ekki aftur til starfs, ef hún tæki sér svo langt frí án leyfis. Af þessum sökum hafi stefnandi firrt sig öllum rétti til uppsagnarfrests og eigi engar kröfur á hendur honum.

Til vara er uppsagnarfresti þeim, sem miðað er við í sóknargögnum, mótmælt sem of löngum. Bendir hann á í því sambandi, að samkvæmt lögum hafi fastráðnir verkamenn aðeins mánaðar uppsagnarfrest, og virðist ástæðulaust, að stefnandi hefði lengri uppsagnarfrest en verkamenn, enda sé ekki kunnugt um, að neinir kollektívir samningar séu á milli tannlækna og starfsstúlkna þeirra, sem heimili lengri uppsagnarfrest en einn mánuður.

Þá er til ýtrustu vara gerð krafa til þess, að framlagður reikningur frá stefnda að fjárhæð kr. 4.560.00 verði látinn mæta stefnuupphæðinni til skuldajafnaðar.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, synjaði stefndi ekki stefnanda um leyfi til þess að fara umrædda ferð, þótt hann gæfi henni í skyn, að hún ætti ekki afturkvæmt, ef sér félli vel við staðgengil hennar. Þá er það ósannað, að stefnandi hafi tekið lengra sumarfrí en henni bar, meðan hún var í þjónustu stefnda.

Stefndi hefur viðurkennt fyrir dómi, að allt hafi verið óljóst af sinni hálfu um, hvort stefnandi kæmi aftur til vinnu, en alla vega hafi mátt reikna með því, að hún kæmi á tannlækningastofuna aftur, að minnsta kosti til þess að sækja fót sín eða til þess að vita, hvort hún ætti að hefja störf á ný. Þá hefur hann einnig viðurkennt, að er stefnandi fór í ferðalagið, hafi ekki annað verið ákveðið en að staðgengill hennar ynni þar, meðan á ferðalaginu stæði.

Verður því ekki unnt að líta svo á, að vinnusamningi stefnanda og stefnda hafi verið endanlega slitið, er stefnandi fór í áðurgreint ferðalag. Samkvæmt þessu á hún rétt til uppsagnarfrests.

Það er óumdeilt í málinu, að klínikdömur falla ekki undir neina kjarasamninga stéttarféлага og að um uppsagnarfrest í starfinu var ekkert samið milli aðilja. Stefnandi var fastráðin og hafði unnið hjá stefnda í meira en tvö ár. Störf hennar, sem jafna má við störf stúlkna á sjúkrahúsum, eru þess eðlis, að þau útheimta nokkra þjálfun og starfshæfni. Þykir því uppsagnarfrestur stefnanda eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn 1½ mánuður, og ber að dæma stefnda til að greiða henni kaup fyrir þann tíma miðað við 1. nóvember 1966. Ekki þykja efni standa til að greiða henni orlof fyrir þann tíma. Stefnandi hefur til ýtrustu vara gert þá kröfu, að framlagður reikningur frá stefnda fyrir tannviðgerðir í stefnanda að fjárhæð kr. 4.560.00 verði látinn mæta stefnufjárhæðinni til skuldajafnaðar. Stefnandi hefur mótmælt þessum reikningi og haldið því fram, að á sínum tíma hafi hún boðið fram greiðslu, en stefndi neitað að taka við henni. Þá hefur hún mótmælt reikningnum sem tölulega ósönnuðum. Reikningur stefnda er dagsettur 7. 6. 1967 og talinn vera fyrir ýmsar tannviðgerðir á tímabilinu nóvember 1964 til september 1966. Stefnandi hefur lýst því yfir, að hann hafi ekki tekið ákvörðun um að krefja stefnanda um þennan reikning, fyrr en til málaferlanna kom. Þar sem hér er um að ræða tannviðgerðir frá árinu 1964, og stefndi hefur ekki fyrr en nú hafizt handa um að innheimta skuld sína, þykir krafa hans vera of seint fram komin, og verður hún því ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 13.500.00 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er, og kr. 3.500.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Örn Bjartmars Pétursson, greiði stefnanda, Margréti Guðmundsdóttur, kr. 13.500.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. nóvember 1966 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 232/1968. **Ákærvaldið**
 gegn
Sverri Brynjari Sverrissyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. desember 1968, sem hingað barst 5. s. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt 6. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 um breyting á lögum nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála kært til ógildingar ákvörðun héraðsdómara á dómþingi 27. júní 1968 um að ljúka máli á hendur kærða, Sverri Brynjari Sverrissyni, með sáttargerð.

Með dómi sakadóms Akureyrar 4. ágúst 1965 var kærði dæmdur til að sæta varðhaldi 10 daga og sviptur ökuleyfi 12 mánuði fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hinn 11. janúar 1968 kærðu þrír lögreglumenn á Akureyri kærða fyrir að hafa aðfaranótt þess dags ekið bifreiðinni A 883 undir áhrifum áfengis. Var kærða tekið blóð til rannsóknar, og reyndist það innihalda „reducerandi“ efni, er svara til 1.03% alkóhóls. Viðurkenndi kærði brot sitt. Héraðsdómariinn ákvað að ljúka málinu með dómssátt, þannig